

# Mismunum ekki fjölskyldum út frá fæðingardegi barns!

Þrýstum á stjórnvöld að haga frumvarpi, vegna aðgerðarpakka stjórnvalda "Vaxandi velsæld", á þann hátt að hækkun hámarksgreiðslna úr fæðingarorlofssjóði muni miðast við 1. apríl 2024 og gilda fyrir alla þá sem þiggja greiðslur úr sjóðnum frá og með þeirri dagsetningu. Það verður að teljast stórkostleg mismunun að miða hækkunina við fæðingardag barns enda búa allar þær fjölskyldur, sem þiggja greiðslur úr sjóðnum, við sama efnahagsástand landsins, sömu verðbólgu og sömu óboðlegu vaxtakjör. Kaupmáttur þeirra breytist ekki hvort sem barn er fætt þann 31. mars 2024 eða 1. apríl sama ár. Að auki ætti hið sama að gilda fyrir komandi hækkunir þann 1. janúar 2025 og 1. janúar 2026. Sjáum til þess að hækkun hámarksgreiðslna nái til allra þeirra foreldra sem þiggja greiðslur úr sjóðnum frá og með 1. apríl 2024 - Vaxandi velsæld fyrir alla, ekki bara suma! Mismunum ekki fjölskyldum út frá fæðingardegi barns!

**Gildistími lista:**

05.04.2024 - 01.01.2025

**Ábyrgðarmaður:**

Halla Kristjánsdóttir

**Fjöldi undirskrifa:**

3867